

Samþykki um upplýsingaöflun vegna breytingu á samningi skv. VII. kafla laga nr. 101/2010.

Með samþykki þessu er umboðsmanni skuldara veitt heimild til að afla upplýsinga varðandi tekjur, gjöld, eignir og skuldir. Embættið getur eftir atvikum kallað eftir upplýsingum með rafrænum hætti frá öllum þeim aðilum sem embættið hefur vefþjónustu við. Um er að ræða Tryggingastofnun, Ríkisskattstjóra, Lánasjóð íslenskra námsmanna, Arion banka, Íslandsbanka, Landsbankann, Íbúðalánasjóð og Motus. Þá getur umboðsmaður skuldara eftir atvikum sent skrifleg erindi til þeirra aðila sem embættið telur að geti veitt framangreindar upplýsingar. Samþykki þessu er framvísað þegar upplýsinga er aflað með skriflegum erindum.

Umboðsmaður skuldara aflar framangreindra upplýsinga til þess að geta aðstoðað skuldara við undirbúning tillögu hans að breytingu á samningi um greiðsluaðlögun, sbr. 3. mgr. 24. gr. laga nr. 101/2010 og til þess að geta tekið ákvörðun um afgreiðslu kröfu um breytingu á samningi um greiðsluaðlögun, sbr. 24. og 26. gr. laga nr. 101/2010. Umboðsmanni skuldara ber að hafna breytingu ef hann telur hana vera ósanngjarna eða óhæfilega.

Upplýsingaöflun umboðsmanns skuldara er háð því skilyrði að upplýsingarnar séu nauðsynlegar vegna úrvinnslu málsins hjá embættinu og að fylgt sé ákvæðum laga nr. 77/2000 um persónuvernd og meðferð persónuupplýsinga.

Samþykki þetta gildir á meðan mál undirritaðs er til meðferðar á grundvelli VII. kafla laga nr. 101/2010. Vakin skal athygli á því að berist umboðsmanni skuldara krafa um breytingu á samningi er ákvörðun tekin um samþykki eða synjun kröfunnar innan mánaðar frá því að hún berst. Undirritaður getur afturkallað samþykki þetta hvenær sem er á framangreindu tímabili. Afturköllun felur í sér að embættið stöðvar alla vinnslu persónuupplýsinga. Sé frekari vinnsla persónuupplýsinga nauðsynleg, þegar samþykki þetta er afturkallað, getur afturköllunin haft þau áhrif að stöðva þurfi vinnslu málsins, nema undirritaður veiti sjálfur embættinu áskildar upplýsingar innan áskilins frests.

Embættið vekur athygli á upplýsingarétti undirritaðs skv. 18. gr. laga nr. 77/2000 um persónuvernd og meðferð persónuupplýsinga. Þá hefur undirritaður rétt til leiðréttingar og eyðingar rangra eða villandi persónuupplýsinga skv. 25. gr. sömu laga.

Undirritaður staðfestir með undirskrift sinni að hafa kynnt sér hvað felst í samþykki þessu. Þá staðfestir undirritaður með undirskrift sinni að vera samþykkur þeirri vinnslu sem mun eiga sér stað og vera kunnugt um tilgang hennar og framkvæmd.

Staður, dagsetning

Undirskrift

Kennitala

Undirskrift

Kennitala

Þegar maki er ekki aðili að samningi um greiðsluáðlögun:

Með undirskrift sinni, heimilar maki umboðsmanni skuldara að afla nauðsynlegra skattframtala og upplýsinga um tekjur í gegnum vefþjónustu við Ríkisskattstjóra.

Eftir atvikum getur verið nauðsynlegt að afla framangreindra upplýsinga við vinnslu breytingarmáls skv. VII kafla laga nr. 101/2010 þegar um er að ræða hjón eða samskattað fólk í óvígðri sambúð, vegna fjárhagslegra tengsla. Vakin skal athygli á því að ef sambúðarfólk er ekki samskattað, er ekki skilyrði að maki riti undir samþykki þetta.

Umboðsmaður skuldara gætir þess að fylgt sé ákvæðum laga nr. 77/2000 um persónuvernd og meðferð persónuupplýsinga og vekur athygli maka á framangreindum ákvæðum 18. gr. og 25. gr. þeirra laga. Samþykki maka gildir meðan mál umsækjanda er til vinnslu. Maki getur afturkallað samþykki sitt á framangreindu tímabili, en það kann að hafa áhrif á vinnslu málsins.

Með undirskrift sinni, staðfestir maki að vera samþykkur þeirri vinnslu sem mun eiga sér stað og vera kunnugt um tilgang hennar og framkvæmd.

Staður, dagsetning

Undirskrift maka

Kennitala